

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frv. þetta var lagt fyrir Nd. snemma á þessum vetri, og tók það nokkrum breytingum þar. Hækkað var framlag til byggingar íbúðarhúsa samkv. 48. gr. laganna úr kr. 40000.00 í kr. 50000.00. Byggingarkostnaður hefur hækkað mjög mikið í tíð núverandi ríkisstjórnar og vextir af lánum hækkað úr 3½% í 6%, svo að eigi veitir þeim, er byggja, af að fá riflegra framlag en þetta, svo að lausaskuldafélagun verði minni en ella. Þess vegna leggjum við til hækkun á framlaginu úr allt að 40000.00 í kr. 60000.00 og hækkun á árlegu framlagi ríkisins til samræmis við þetta.

Þá leggjum við til, að ákvæði laganna um 10 ha. verði hækkað um helming eða í 20 ha. Þetta er nauðsynlegt, ekki sízt þar sem framlag samkv. jarðræktarlögum er aðeins 1224 kr. á ha.

Að tilhlutun Búnaðarfélagss Íslands voru jarðræktarlögin endurskoðuð og frv. afgreitt til landbúnaðarráðherra fyrir rúmu ári. Engar líkur eru á því, að það frv. komi fram á Alþingi því, er nú situr. Miðað við það, að bændur fái þær réttarþætur, sem frv. til jarðræktarlaga frá búnaðarþingi gerir ráð fyrir, skaðast þeir um nokkuð á annan milljónatug árlega, meðan beðið er eftir hinni nýju löggjöf. En aðalkjarni frv. var að færa ríkisframlög í það, að þau hækkuðu í svipuðu hlutfalli og heildarkostnaður framkvæmda.

Þá leggjum við til, að framlag til jarðræktar samkvæmt 6. gr. hækki úr 50% í 65%. Þetta gerum við með tilliti til þess, að jarðrækt dragist ekki saman meira en orðið er. Það er undirstaða landbúnaðarins, að jarðrækt aukist og hefyngur sé nógu mikill, svo að hægt sé að mæta harðæri og stækka búin.

Loks leggjum við til, að ríkið greiði árlega, eftir því sem með þarf, fé til að standa straum af kostnaði samkvæmt lagaákvæðum þessum.

Framsóknarflokkurinn undir forustu þáverandi forsætis- og landbúnaðarráðherra, Hermanns Jónassonar, beitti sér fyrir því árið 1957 að stórhækka jarðræktarframlag ríkisins til þeirra, sem höfðu innan við 10 ha. túnstærð. Árangur þeirrar lagasetningar hefur orðið heillaríkur fyrir land og þjóð. Þá voru rúmlega 3000 jarðir með minna en 10 ha. tún, en í árslok 1961 voru þær 2000, og allar líkur eru á því, að við síðustu áramót séu þær um eða yfir 1400 (endanlegar tölur liggja ekki fyrir um það enn þá). Samkvæmt þessari lagasetningu (lögum um landnám, ræktun og byggingar í sveitum frá 1957) hefur ræktunin verið sem hér segir árlega á jörðum með minna en 10 ha. tún og til samaburðar heildarræktun í landinu.

1958	1541 —	3912 —
1959	1695 —	4499 —
1960	1364 ha.	3675 ha.
1961	1113 —	3951 —
1962	(1100)—	(?) —

Eftir þessu yfirliti að dæma er frá árinu 1959 samdráttur í jarðrækt, og nær hann engu síður til þeirra, sem hafa minni túnin, þó að þeir fái herra ríkisframlag. Allar líkur benda til þess, að efnahagur þessara bænda sé mjög bágur og með sínum litlu búum megni þeir ekki að halda í horfinu og bolmagn til framkvæmda fari þverrandi með hækkingu dýrtíð. Þessum bændum þarf að veita aukinn stuðning til framkvæmda. Augljóst er, að lagasetningin 1957 um hækkun á jarðræktarframlagi hefur haft veruleg áhrif til aukningar á landbúnaðarframleiðslunni og að þá var stigið mikilvægt spor til hagsbóta fyrir landbúnaðinn.

Minni hl. landbúnaðarnefndar leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

- Við 2. gr. Í stað „15 ha.“ komi: 20 ha.
- Við 3. gr. Í stað „15 ha.“ komi: 20 ha.
- Við 4. gr.
 - Í stað „50 þúsund“ komi: 60 þúsund.
 - Aftan við greinina bætist:

Í stað orðanna „minnst 2 millj. króna“ í sömu lagagrein komi: minnst 3 millj. króna.
- Við 5. gr. Í stað „15 ha“ komi: 20 ha.
- Við 6. gr. Í stað „50%“ í 2. málgr. komi: 65%.
- Við 8. gr. Greinin orðist þannig:

64. gr. laganna orðist svo:

Til þeirra framkvæmda, er um getur í 60. gr., og til framkvæmda, er framlagsrétt fá samkvæmt 63. gr., greiðir ríkissjóður árlega á árunum 1963—1970, að báðum árum meðtöldum, þá fjárhæð, er þarf til að greiða tilskilinn hluta ríkisins samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Alþingi, 30. marz 1963.

Ásgeir Bjarnason, Páll Þorsteinsson.
frsm.